

Aphex Twin – Stutt ágrip

Zakarías Herman Gunnarsson

Listaháskóli Íslands
Tónlistardeild
Tónsmíðar – Nýmiðlar

Aphex Twin – stutt ágríp

Zakariás Herman Gunnarsson
Leiðbeinandi : Ríkhartur H. Friðriksson
2013

Ritgerðinni er ætlað að gera stuttlega grein fyrir ævi Richards D. James. Hann hefur haft langa og athyglisverða ævi, hafandi átt við hljóð frá blautu barnsbeini. Einnig ætla ég mér að kljást við að greina nokkur vel valinn lög af nokkrum vel völdum plötum. Skilgreind verða nokkur tímabil, og lögin af þeim greind eftir allra bestu getu.

Ég tek til greiningar tvö lög af Selected Ambient Works 85-92, fyrstu breiðskífu hans undir Aphex Twin nafninu. Þau lög bera nöfnin Xtal og We Are The Music Makers. Af ...I Care Because You Do greini ég lagið Cow Cud Is A Twin.

Önnur lög sem ég greini eru PWSteal.Ld pinch.D, af áttundu Analord smáskífunni, og Avril 14th af drukQs. Einnig mun ég láta reyna á greiningu af einum af erfiðari lögnum af drukQs, vordhosbn, og svo til að enda greini ég Fingerbib af 1996 útgáfunni hans, Richard D James Album.

Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Efnisyfirlit
3. Æviágrip
4. Tónlistarferill á atvinnustigi
5. Greiningin hefst – Selected Ambient Works
6. ...I Care Because You Do
7. Analord
8. drukQs
9. Fingerbib
10. Niðurstaða

1. Inngangur

Árið 1995 sendi breska útvarpsstöðin Radio 3 Karlheinz Stockhausen (22 August 1928 – 5 December 2007) nokkur svokölluð mixtape, kassetur með örfáum lögum eftir nokkra vinsæla raftónlistarmenn. Á meðal þessara laga voru verk eftir Richard David James nokkurn, betur þekktur undir listamannanafninu Aphex Twin. (sem er þó einungis eitt af fjölmörgum listamannanöfnum hans, Bradley Strider, GAK, The Tuss, Polygon Window, Power-Pill til að nefna örfá önnur). Í ágúst sama árs gerði fréttamaður stöðvarinnar sér ferð til Salzburg til að hitta heimsfræga tónskáldið til að ræða hvað honum fannst um raftónlist þessara manna. Honum þótti lítið í lögum spunnið. Honum leiddist endurtekta ryþma, “kitch” tónbil í samstíga áttundum og vitnaði í eigin verk fyrir tónsmiðina til að hlusta á til eigin beturumbóta.

Um Aphex Twin skrifar Stockhausen,

„I think it would be very helpful if he listens to my work Song Of The Youth, which is electronic music, and a young boy's voice singing with himself. Because he would then immediately stop with all these post-African repetitions, and he would look for changing tempi and rhythms, and he would not allow to repeat any rhythm if it were varied to some extent and if it did not have a direction in its sequence of variations.”¹

Richard James svarar,

„I've heard that track before, I like it. I didn't agree with him. I thought he should listen to couple of tracks of mine: Didgeridoo, then he'd stop making abstract, random patterns you can't dance to.”¹

Það liggur í augum uppi að þessir tveir einstaklingar hafa ólíkar hugmyndir um hvaða skilyrði tónlist þarf að uppfylla til að geta þóknast þeim. Þeir hafa þó ýmislegt sameiginlegt, báðir eru raftónlistarmenn og brautryðjendur á sinn hátt t.a.m.

Richard hefur þó eitt sem Karlheinz hafði ekki. Á meðan Karlheinz Stockhausen var ekki gríðarlega aðgengilegt tónskáld, og þar af leiðandi ekkert sérstaklega vinsælt tónskáld, nýtur Aphex Twin gríðalegra vinsælda, rétt eins og

¹ <http://www.thewire.co.uk/in-writing/interviews/karlheinz-stockhausen-advice-to-clever-children>, Tekið úr 141. The Wire, Nóvember 1995

Tchaikovsky eða Bach eða Stravinsky. Aphex Twin er einn vinsælasti tónlistarmaður í heimi.

Madonna hringir í hann og biður hann um að vinna með sér. Radiohead vildu vinna með honum, honum leist ekkert á það vegna þess að hann hlustar ekki á Radiohead, honum finnst þeir ekki góðir.² Nýverið deildi hann hinsvegar sviði með gítarleikara Radiohead, Johnny Greenwood og háttvirta pólska tónskáldinu Krzysztof Penderecki.³ Síðan viðtalið var tekið hefur Richard einnig spilað á Stockhausen tónlistarhátíðinni, en Karlheinz bauð honum sjálfur.⁴

2. Efnisyrding

Hvað gerir Aphex Twin öðurvísi en Stockhausen? Hvað hefur Aphex Twin fram yfir Stockhausen, Schoneberg, Varesé eða Babbit? Hvað er Richard David James að gera sem virkar svona vel? Eins og ég sagði fyrir ofan, hann er einn vinsælasti tónlistarmaður í heimi. Hann hefur undir beltinu yfir fimmtíu útgáfur, nánar tiltekið sex breiðskífur, smáskífur og einskífur samtals þrjátíu -og fjórar talsins, teljandi einungis útgáfur undir nafninu Aphex Twin.

Ég mun skilgreina nokkur tímabil í útgáfuferli hans og reyna að gera grein fyrir hljóðfærunum sem hann notar hverju sinni, auk þess sem að ég mun greina nokkur lög af nokkrum vel völdum plötum. Ég mun reyna að komast að niðurstöðu um hvað einkennir tónlist hans. En áður en það fylgir þarf að skoða manninn bak við andlitið.

3. Æviágrip

Richard David James var fæddur á Írlandi, 18. Ágúst 1971 og ólst upp í Cornwall, smábæ á suðvesturbroddi Englands. Foreldrar hans heita Lorna og Derek James. Þau eiga Richard og tvær dætur. Þau voru búsett í Ontario, Kanada áður en Richard fæddist, en sorgarsögu er að segja af þeim tíma. Faðir hans vann í kolarnámu í Cornwall, samnefndum bæ í Kanada. Þau áttu annan son, sem var einnig skírður Richard James, en hann dó í fæðingu þremur árum áður en Richard David fæddist.

² <http://www.aphextwin.nu/images/interviewsarticles/33und1211.pdf>

³ <http://consequenceofsound.net/2011/09/video-jonny-greenwood-aphex-twin-perform-alongside-krzysztof-penderecki/>

⁴

<http://web.archive.org/web/20080615033834/http://www.aphextwin.nu/learn/100771194880071.shtml>

Ljósmynd af leiði bróður Richards príðir umslag Girl/Boy smáskífu hans, ljósmynd sem móðir hans geymdi í svefnherbergi sínu.

Um bróðir sinn skrifar Richard;

„It used to freak me out, 'cause my mom had a photo of this gravestone in her room, and when I looked at it when I was young, I didn't understand; 'Why is there a gravestone with my name on it?' I didn't realize, until I was older, who it was. [...] That's why I'm the Aphex Twin, I feel as if I nicked his identity. I reckon he looks after me, like a guardian angel.”⁵

Að hans eigin sögn var æska hans “mjög hamingjusöm”. Hann og systur hans fengu að vera í friði mest allann tímann og leika sér. Yngri systirin hlustaði á rokkhljómsveitir á borð við The Jesus and Mary Chain og átti kærasta sem var í indí rokkhljómsveit. Þó honum þótti ýmist ágætt við þess konar tónlist fannst honum ekki mikið í hana spunnið, ekki einu sinni í æsku. Hann eyddi tíma sínum miklu frekar í að leika sér með segulbönd, að taka upp píano fjölskyldunnar, og að gera eins mikið af óhljóðum og hann gat (móðir hans lýsir honum sem „a bit of a handful”.)⁶

Þegar hann var ellefu ára gamall vann hann til verðlauna 50 sterlingspund fyrir að fá hljóð úr gamalli tölvu, sem var þó ekki nema eins árs gömul þá. Tölva þessi bar nafnið ZX81, frá fyrirtæki að nafni Sinclair Research. Það merkilega við að hann hafi fengið hljóð uppúr tölvunni, er að hún var ekki hönnuð til að framleiða hljóð. Richard fíktaði í innnyflum tölvunnar þar til að skritin hljóð mynduðust samhliða að snúid var hljóðstyrksrofanum. Þannig mætti segja að hann hafi hafið feril sinn, ellefu ára gamall.

Í framhaldsskóla tók hann rafmagnsfræðiáfangu. Um tíma hans þar hef ég eftir Barry Payne, verkfræðikennara í Cornwall College;

„In our practical lessons, Richard would quite often have his headphones on, no doubt thinking through the mixes he'd be working on later. I've still got a cassette he gave me of some of his stuff. I think some of the other students were a bit in awe of him, as at the time he was playing his music at local clubs. He passed the course. He mixed well and

⁵ <http://rdj.moto-coda.org/faq/afxfaq26.txt>

⁶

<http://web.archive.org/web/20080615033834/http://www.aphextwin.nu/learn/100771194880071.shtml>

was a leader in his group of friends. There was definitely a kind of mystique about him, though, something a little bit different. I'm sure lots of the tutors thought he should be concentrating on his studies instead of his music career, but he certainly proved everyone wrong.”⁷

Hafandi unnið sem DJ snemma á tíunda áratugnum kynntist hann Grant-Wilson Claridge, sem hann stofnaði útgáfufyrirtæki með að nafni Rephlex.⁹

Áður en lengra er haldið, þá gæti verið unnt að greiða úr og greina frá einhverjum misskilningum og/eða mýtum varðandi manninn. Hann keypti gamlan banka sem hann bjó í um langt skeið.⁹ Hann á ekki skriðdreka tæknilega séð, hann á bleikan Daimler Ferret Mark 3 Armoured Scout.¹⁰



4. Tónlistarferill á atvinnustigi

Árið 1991 gaf Richard svo út sína fyrstu 12 tommu EP plötu, Analogue Bubblebath undir nafninu Aphex Twin (síðar stytt í AFX). Tónlistin sem skífan inniheldur er mínímalísk. Samanborið við 54 Cymru Beats, fyrsta lagið af annarri plötu af tvöföldu breiðskýfu hans drukQs (sem er fimmta breiðskífan hans undir því nafni), gátu lögin af Analogue Bubblebath aldrei hafa verið neinskonar forboði um það sem koma skyldi. Á meðan hvert lag af Analogue Bubblebath líður hjá mætti

⁷ <http://www.guardian.co.uk/education/2007/jun/12/furthereducation.uk1>

⁹ <http://www.aphextwin.nu/learn/100771194880071.shtml>

⁹ <http://www.aphextwin.nu/learn/98129666775311.shtml>

¹⁰ <http://www.aphextwin.nu/learn/100771194880071.shtml>

segja, nokkuð auðveldlega, þá er hvert lag á drukQs ferðalag. Lögin eru flókin, og ef þau eru ekki flókin þá eru þau skrýtin.

Skilgreina má þrjú megin tímabil í ferli Richards. Fyrri hliðræna tímabilið á sér stað uppáð útgáfu plötunnar ...I Care Because You Do. Það er seinasta platan í því tímabili til að notast við hliðræna hljóðgervla og hliðræna upptökutækni að mestu leyti. Eftir það notar hann tölvur mun meira, á „stafræna” tímabilinu hans, á plötum á borð við Richard D James album og smáskífunum Windowlicker og Come To Daddy. Eftir útgáfu drukQs (2001) markast skil í ferlinum, og hann endurvekur ást sína á hliðrænni hljóðvinnslu með Analord seríunni, þar með kall ég það tímabil einfaldlega seinna hliðræna tímabilið.

Tónlist hans, fyrir utan að vera rafræn, hefur lítið sem ekkert skylt tónlist hugsuðsins Stockhausen.

Stockhausen skrifar,

„Harmony means that the relationship between all the elements used in a composition is balanced, is good.”

„I no longer limit myself.”

„Repetition is based on body rhythms, so we identify with the heartbeat, or with walking, or with breathing”-¹¹


Það sem getur verið leiðinlegt við Stockhausen er að skrifin hans eru háfleyg og tala um himneska tónlist og himnesk hlutföll, hvaða guðdómlegu skilyrðum tónlist á að uppfylla. Tónlistin hans er þó köld og mekanísk, alls ekki lífræn og alls ekki tilfinningarík (ekki er þó meiningin með þessu að tala illa um Stockhausen)...ekki að mínu mati a.m.k., þó ég hafi ekki mikið hlustað á Stockhausen.

5. Greiningin hefst – Selected Ambient Works

Tónlist Richards er þvert á móti, tilfinningarík og lífræn. Til að byrja með skulum við skoða Selected Ambient Works 85-92, fyrsta breiðskífa Aphex Twin frá árinu 1992. Richard hafði þá verið að vinna í því efni frá því hann var fjórtán ára gamall með tilliti til titilsins.

¹¹ http://www.brainyquote.com/quotes/authors/k/karlheinz_stockhausen.html

Platan byrjar á laginu Xtal. Lagið er í Bb-dúr. Hi-hat-munstrið í byrjun eru tveir sextándupartar lokaður og einn áttundupartur opinn. Það endurtekur sig í sjö bör (eitt bar=fjórir taktar). Á öðrum bar kemur synthi fram sem mér heyrir vera að spila stóra þríund, einund, ferund og tvíund. Fyrst eru tveir fjórðupartar af þríundinni, og einn fjórði partur á einundinni. Á fjórða slagi eru tveir áttundupartar sem slá einundina, en sá seinni er yfirbundinn yfir á fyrsta slag í öðrum takti. Á því slagi eru tveir áttundupartar, og á þeim seinni (sem er sá eini sem hljómar) er ferundin slegin. Á öðru slagi er ferundin aftur slegin með áttundupart og á öðrum áttundupart er fjórðapartsnóta sem binst yfir þriðja slagið, einnig sláandi fimmund. Á öðrum áttundupart þriðja slagsins er svo slegin þríundin og tvíundin með tveimur áttundupörtum, sá síðari vitaskuld lendir á fjórða slagi.



Á þriðja bar kemur bassatromma á hverjum fjórum slögum taksins (sjá neðar, four-on-the-floor). Á fimmta bar kemur svo fallegt sampl af kvenrödd, sem syngur áttund, fimmund og einund í þeirri röð. Á áttunda bar hættir hi-hat munstrið og telur áttunduparta, ný bassatromma á einum-og-fjórða sextándupart fyrsta slagsins og á þriðja-og-fjórða(tólfta) sextándupart og snerill á tveimur og fjórum. M.ö.o., allt dettur í gang. Eftir eitt bar byrjar tilbrigði af hi-hat munstrinu, þá er hægt á því og hljómar tveir fjórðupartar lokaður og tveir áttundupartar opinn. Löngu seinna hættir hi-hat munstrið og kvenröddin í smá, tvo bars. Eftir það kemur hi-hat munsturið í byrjun aftur.

Xtal setur tóninn fyrir restina af plötunni, í því hversu lítil breyting á sér stað í hverju lagi. Trommutaktur breytir svo gott sem aldrei um uppbyggingu. Mjög gjarnan er bassatromma á öllum slögum, svokallaður four-on-the-floor. Mikil reverb-notkun einkennir einnig plötuna.

We are the music makers er áttunda lagið á plötunni, og fæst samplið þaðan úr kvikmyndinni Willi Wonka and the Chocolate Factory. Lagið er í f#-moll. Það byrjar á einum bar (fjórum tóktum) af tveggja takta bassalínu. Bassalínan gengur á fjórum nótum, áttund, fimmund, lítilli sjöund og stórri sexund. Á öðrum áttunduparti slær hann fimmundina og á öðru slagi er áttundin slegin, aftur áttundin á fjórða

sextándupart í öðru slagi, annar sextándipartur á þriðja slagi er litla sjöundin og niður á sexundina í eina áttunduparts nótu yfir fjórða slagið. Annar, þriðji og fjórði sextándupartur í fjórða slagi slær fimmund, sjöund, fimmund í þeirri röð, lendandi á fyrsta slagi í öðrum taktinum sláandi sjöund. Á fjórða sextándupart í fyrsta slagi er fimmund í áttundupart yfir annað slagið, annar áttundupartur í öðru slagi er líka fimmund. Þriðja slagið byrjar á sextándupartspögn og tveimur sextándupörtum sem slá fimmund og litla sjöund, en áttundupartspögn brúar bilið yfir í fjórða slagið. Á öðrum sextándupart í fjórða slagi er áttundupartur og sextándupartur sláandi fimmund.



I I I I I I I I

og fjarlægum high-pass filteruðum snerli á tveimur og fjórum, og hihat sem víxlast eitthvað, en er alltaf á sextándupartaupptakt. Willy Wonka samplið heyrst; „We are the music makers, and we are the dreamers of dreams.” Trommurnar koma inn og synthi sem mætti segja að væri að “compa” bassalínuna fade-ar inn. Þegar trommurnar koma inn er bassatromma á fyrsta og öðrum áttunduparti í fyrsta slagi, og á fimmta og sjötta áttunduparti, sem sagt í þriðja slagi. Snerill á öðru slagi og ghost note á opinn hi-hat fyrir þriðja slagið, og sama á fjórða slagi. Annar hi-hat er einnig að spila, hann er lokaður og einangraður frá hinum opna. Hann er nær og hlýjari, og er tengdur í rennblautt reverb. Eftir heillangann tíma hættir bassalínan í einhvern tíma, og svo heyrst laglína. Hún spilar ferund og tvíund, uppí níund og niður í stóra sjöund. Eins og flestar hugmyndir sem gera upp þessa plötu er tveggja takta laglína. Svipaðar synkópur og eru í bassalínunni eru að finna í þeirri línu, sem víxlar milli ferundarinnar og tvíundarinnar út einn og hálfan taktinn, og stekkur ekki uppí níundina og niður á sjöundina fyrr en í seinni helming seinni taktsins.

Eftir eitt bar af henni hættir allt í tvo takta nema „comp” synthinn, og svo heldur allt áfram. Bassinn fade-ast inn, synthinn heldur áfram og Willy Wonka lætur í sér heyra. Örfá trommubreik eiga sér stað yfir langann tíma. Eftir frágreinda langa tíma heyrst aftur í laglínu synthanum og comp synthanum.

Það mætti segja að Hann geri grein fyrir einingunum í byrjun lagsins, og restin af laginu gengur út á að varíera mixinu, þ.e.a.s. hann kynnir fyrst allar hugmyndirnar, og leyfir þeim svo að standa ein, með hvorri annarri, allar saman

o.s.frv. Allt lagið er í raun og veru ekkert nema það. M.o.ö., tónlistin á þessari plötu er mínimalísk, ambient og dansvæn.

6. ...I Care Because You Do

Næsta lag sem ég mun greina er að finna á ...I Care Because You Do, 1995 breiðskífu Richards, og það ber nafnið Cow Cud Is A Twin. Lagið er í A-dúr, en hljómurinn er allann tímann með hljómandi lítilli sjöund. Lagið byrjar með einhverju sem hljómar eins og hlæjandi tölva að segja Richard, eða „they fessed with”. Ómögulegt að segja, en einnig heyrir á meðan að það brakar í stól. Mikil umhverfishljóð eru í gangi, og einhver gengur fram. Stuttu síðar heyrir fjarlægt hróp, „Alriiight?!”.

Lagið byrjar, en það heyrir illa, nærrum því eins og maðurinn í stólnum sé að spila lagið í tölvunni sem hann situr við. Á fjórða sextándupart í fimmta takt heyrir gríðarlegur hurðaskellur, og það sama á seinasta sextándupartinum í fjórða slagi í sjöunda takt. Í tíunda takt lækkar hljóðstyrkur lagsins örsnöggt, og í fjórtánda takt heyrir tölvuröddin frá því í byrjun, og lagið hættir í örfá andartök. Heyrir þá lagið eins og það átti að hljóma; mjög vel. Bassasynthinn er einstaklega stór, feitur og hlýr. Tölvuröddin endurtekur; „I care because you do”, og hlær.

Trommutakturinn er í shuffle-beat, þó hann skipti á einum tímamarki, seinnt í laginu yfir í straight takt, í tvo takta. Trommurnar eru feitar, með nokkuð einföldum takt í 4/4. Bassatromma á einum og þremur, snerill á tveimur og fjórum, hi-hat á offbeat með shuffluðum áttundupörtum sem gefa af sér shuffle tilfinninguna. Af og til heyrir í léttri hristu, sem er bragð sem oft er fundið í tónlist Richards ef það má eitthvað segja um hana. Hann hatar ekki hristurnar.

Synthinn sem spilar laglínuna er með autofilteringu af einhverjum toga, og spilar áttund í fjórðapart og sjöund í hálfnotu, svo fimmund í punkteraða hálfnotu. Það munstur er svo endurtekið áttund neðar.

Bassalínan inniheldur áttund, fimmund og litla sjöund. Eins og We Are The Music Makers bassalínan byrjar hún ekki á fyrsta slaginu, heldur á annarri þríólu og þriðju þríólu, báðar hljómandi áttund á fyrsta slagi, og á seinasta sextándupart á öðru slagi hljómar einnig áttund. Á þriðja slagi eru tveir áttundupartar sem hljóma á fimmundinni. Á fjórða slagi er önnur þríóla sú eina sem hljómar, en hún spilar áttundina

aftur.



I I I I I I I

Bassalínan í Cow Cud is a Twin

Á öðrum áttunduparti hljómar áttundin aftur á fyrsta slagi í öðrum takt. Á öðrum og fjórða sextándupart í öðru slaginu hljóma áttundir, og hálfþónn af sjöundinni liggur yfir restina af taktinum.

Eftir eitt bar af trommum og bassa bætist við lína sem, að ég held, sé sample af hornum eða einhverju málmblásara hljóðfæri. Hvort sem það er synth eða sample þá hljómar línan að minnsta kosti, stór þríund, tvíund, einund og lítil sjöund, í þeirri röð, og spilast í einhversskonar synkópu rhythma. Löngu seinna heyrir laglínana, sem ég greindi frá að ofan.

Gaman er að segja frá því að á ...I Care Because You Do er lag sem ber nafnið Ventolin. Sama ár og þessi plata kom einnig út „remix” diskur af þeirri plötu. Ég nota gæsalappir vegna þess að „remixin” hljóma alls ekki neitt eins og upprunalega lagið, og eitt þeirra, Plain-An-Gwarry mix, hljómar einstaklega mikið eins og Cow Cud Is A Twin. Ekki neitt annað kemur til greina en að það sé samið í sama trekk, það liggur í augum uppi að þetta séu sömu trommu-og bassa rásirnar.

...I Care Because You Do er gefin út 1995, eins og ég greindi einnig frá að ofan. Platan markar viss kaflaskipti í ferli Richards. Hún var fyrsta platan sem umslag hennar var gædd andliti Richards, þema sem hann vann svo mikið meira með.

Hún er seinasta platan í vissu tímabili í ferli Richards, ferli þar sem hann notaði mestmegnis analogue, eða hliðræna, tækni til hljóðmyndunar. Þ.e.a.s., tónlistin uppað og með þessari plötu er unnin og samin á hliðræna hljóðgervla og mjög væntanlega tekin upp á segulband. Eftir þessa plötu sækist hann meira í stafræna tækni, tölvur. Hann gefur út Windowlicker og Come To Daddy smáskífurnar árið 1997, báðar unnar á þungan og nær óþolandi nákvæman, stafrænan máta. Ekki fyrr en 2005 gefur hann aftur út efni sem samið er með hliðrænni tækni, en þá gefur hann út Analord séríuna undir AFX nafninu. Á þessari

seríu notar hann meðal annarss Roland MC-4 hliðræna sequencer-inn.¹² 42 lög á ellefu smáskífum sem innihalda ýmist 2-7 lög. Nú mun ég skoða eitt lag af þeirri seríu, úr seinna hliðræna tímabili Richards. Útgáfa drukQs markar skil, frá stafrænni hljóðvinnslu og aftur á svokallaðan heimavöll, ef svo mætti segja, Richards sem er hliðræn, hands-on viðmót, tekið upp á segulband.

7. Analord

Af Analord 08 plötunni er lag að nafni PWSteal.Ldpinch.D. Nafngiftina hefur lagið eftir tölvuvírus.¹³

Lagið er í h-moll. Það byrjar á trommutakti. Bassatrommuslög á einum og þremur, snerilslög á tveimur og fjórum. Hi-hat slög eru á öllum upptöktum. Í lokin á einum bar kemur lítið trommubrake, og endar fjórða slagið með bassatrommuslagi, hi-hat slagi og snerilslagi á seinustu þremur sextándupörtunum.

Bassasynthi og alt synthi spila með í næstu tvo bari. Bassasynthinn spilar tvo sextánduparta á fimmundina á fyrsta slagi, og sama fígúra á þriðja slagi. Í seinna skiptið spilar hann sömu fígúruna á fimmundina, en fer upp á áttundina í fjórða takti barsins. Alt synthinn fylgir nótum bassasynthans, en spilar áttund hærra og er yfirleitt á upptakti frekar en ekki, það kemur þó fyrir. Hann spilar tvo áttunduparta í hvert sinn sem hann heyrir; einn á upptakti og einn á niðurslagi. Eftir tvo bari af synthunum kemur lítil laglína í annan syntha sem spilar í fjóra bari. Hann spilar alltaf þrjá áttunduparta, á upptakt. Þannig lendir hann alltaf á upptakt aftur. Hann spilar;

(Tvíund, ferund, ferund)x2, (einund, lítil þríund, lítil þríund)x3, (einund, lítil þríund, tvíund)x2, (einund, lítil þríund, fimmund).



I I I I ...

Comp línan í PWSteal.Ldpinch.D

¹² <http://www.clashmusic.com/feature/aphex-twin>, tólfta spurning.

¹³ http://www.symantec.com/security_response/writeup.jsp?docid=2005-022617-0931-99, lýsing á tölvuvírusnum

Þar með er verse lagsins svo gott sem greint. Næsta kafla mætti skilgreina sem pre-chorus eða B-kafla. Í þeim kafla gengur bassinn á einund, fimmund, lítilli þríund og tvíund, og hefur vissan dramatískan blæ yfir sér. Sá kafli endurtekur sig í fjóra bara, og fyrsti kaflinn, sem við mættum allt eins kalla A-kafla, er endurvakinn, nema með fallegri sópran línu yfir allt það sem áður kom. A-kaflinn hefur þægilegt og áhyggjulaust yfirbragð, og þegar línan yfir öllu lætur heyra í sér kórónar það áhyggjuleysið og tilfinningagleðina sem býr í boðskap lagsins. Sópran línan byrjar á upptakt fyrir annað slagið, og telur í áttundupörtum fimmund, litla sjöund og áttund. Tveir fjórðupartar taka svo við og spila ferund og litla þríund. Í seinni lotu fer línan svo lengra neðar þaðan, á upptöktum nema á tveimur seinustu nótonum, á tvíundina, einundina, litlu sjöundina og fimmundina. Í raun er hédan af lítið sem breytist, kaflarnir skiptast á og lagið endar. Sama má segja með meirihlutan af lögnum í seríunni.

Hliðræna, hands-on viðmótið er takmarkandi að því leytinu til að hlutirnir verða að rúlla svolítið sjálfir. Nákvæmnisvinna í forritun er erfið og tímafrek. Sambærileg forritunarvinna í stafrænu umhverfi býður uppá mikið fleiri möguleika og auðveldar alla vinnu gjarnan, yfirleitt eru þau vönduð þau forrit sem menn vinna með. Burtséð frá því að Richard forritar sína eigin algorhythma, og býr til sína eigin hliðrænu græjur, það gerir hann svolítið sér á báti og gerir það erfitt fyrir mann að festa fingur á hvernig hljóðin hans eru fengin.


8. drukQs

Platan drukQs (2001) er tvöföld plata. Hún inniheldur þrjátíu lög, ýmist stykki fyrir píanó (bæði falleg og ekki falleg, ef svo má að orði komast) í stíl undirbúna píanósins sem John Cage gerði víðsfrægt, hljóðverk á borð við gwarek2, merkilegt og hræðilegt og ólíkt nokkuru öðru sem undirritaður að minnsta kosti hefur heyrt. Ef ekki annaðhvort ofangreint þá ríkir kunnuglegur dansvænn stíll, en forritun, þ.e.a.s. bæði röðun atburða og hljóðmyndunin sjálf, hljóðheimurinn, og nákvæmnin sem hún er unnin af er af svo háþrúðum og háfleygum toga að það er engu öðru hægt að halda fram en hér sé á ferð meistarastykki og tímalaus list.

Að greina eitthvað af lengri, háspennu-lögnum sem fyrirfinnast á plötunni væri gjörsamlega of tímafrekt, svo ég ætla mér að skoða eitt stykkjana fyrir píanó, Avril 14th. Lagið er án efa ætlað sem „fallega” lag plötunnar, single-inn sem spilast í

auglýsingum hjá bílaframleiðendum. Lagið var notað í mynd Soffiu Coppola, Marie Antoinette.¹⁴

Til að byrja með getum við skoðað undirliggjandi mótívið.



Píanostefið í Avril 14th

Lagið er í Ab-Dúr. Ég kys að greina mótívið á þann hátt að hljómaskipti eru á hverjum takt, fyrsti takturinn er fyrsta sæti og fyrsta sæti sexundar, og annar takturinn er fjórða sæti og fyrsta sæti sexundar. Þessi figura kemur tvisvar fyrir, og tvisvar aftur með efri röddinni tvöfaldaðari áttund ofar. Næst heyrst einfölduð útgáfa af hljómagangnum, þar sem bassinn tekur ekki þríundina heldur gengur niður úr áttundunni, niður í sexund, fimmund og ferund eins og sjá má hér að neðan;



Meira gúmelaði í Avril 14th

Laglínan breytist einnig, og tekur á sig alvitran og huggandi svip. Þetta gengur í fjóra bari, og annar kafli kemur inn. Sá hljómar frekar biðlega, eins og stefið pási aðeins og hugsí sig um. Hér má sjá grófa útsetningu;



Enn meira Avril


¹⁴ http://www.imdb.com/title/tt0422720/soundtrack?ref=tt_trv_snd

Eftir að kafllinn kemur fjórum sinnum, eða eftir átta takta, hættir sá kafli og fyrri hlutinn endurtekur sig. Eftir þann kóða heyrst nokkurs konar C-kafli, sem heyrst bara einu sinni. Hann lítur einhvernvegin svona út;



Svona er Avril einu sinni í laginu.

Eins og sést er hljómaskiptingin orðin mjög nakin í þessum kafla, bara einfaldir hljómar, hálfnótur alla fjóru takta kafllans. Hann kemur fyrir eins og ég segi einungis einu sinni, í þessa fjóra takta sem sjást að ofan. Eftir að hann er búinn snýr aðalstefið aftur, nema með fallegum arpeggiatum uppí háa áttundina, og uppí tíund og niður í níund, svipað og svona;



Flúrtónar í lok Avril 14

Lagið endar eftir fjóra takta af þessum stíl, sama tónfræðilega hugmynd liggur að baki hér og í restinni af laginu, en með örlitlum flúrtónum í hærri áttund. Bassagangurinn heldur áfram út taktana en mjög augljóst mótív endar lagið; þrjár seinust sextándupartsnóturnar í seinasta slagi lagsins slá saman stóru þríundina, C.

Þetta lag er í hópi laganna á drukQs sem eru samin fyrir tilbúið píanó. Þau eru einstaklega minimalísk og nakin, og reyna ekki að vera neitt annað en þau eru, sem er ótrúlega einföld og falleg tónlist í sjálfri sér. Það sem gerir gott betra er contrastið, eða mótvægið, sem þau lög gefa hinum lögnum, þeim lögum sem eru

svo gjörsamlega ógreinandi en svo algjörlega hlustanleg og nákvæm. Fyrir mitt leyti get ég lítið annað en fallið í trans af einhverjum toga þegar ég hlusta á gwarek2, eða 54 Cymru Beats.

Fyrsta lagið á plötunni er jynweythek, lag fyrir tilbúið piano. Það setur mjög sterkan byrjunarsvip á plötuna. Með að byrja á laginu er sem sagt sé, „hér er plata sem ætlar ekki að reyna að vera neitt sem þú vilt að hún sé”.

Strax eftir það kemur vordhosbn, ótrúlega vel samið, hljóðblandað og vel flókið lag. Að greina trommutaktinn myndi ég gerast svo djölfur að segja væri ógjörningur og tæki heila ritgerð útaf fyrir sig að molna í gegnum það. Eitt sem mætti þó segja er að hi-hatinn spilar sextánduparta með áttundupartsáherslum á smekklefum stöðum, t.a.m. á fjórða slagi. Bassatromma er gjarnan á einum og öðrum áttundupart á fjórða slagi. Hljómagangurinn heyrir mér vera skiptandi milli fyrsta sætis moll og annarss sætis moll. Mætti líka lýsa því sem iv og v.

Lagið byrjar, afsakið, eiginlega fullkomlega. Uppúr mekaníska píanó dútlinu rís lifandi Fönixinn hátt. Það byrjar á fjórum tóktum af fjarlægum synth spilandi á fjórðupörtum, ring modúlurður þegar hann er kominn nógu nálægt til að greina einhvern mun. Áður en maður veit eitthvað hvað er í gangi þá er farið beinustu leið í sykurinn, frómasinn.

Þó svo að trommutakturinn er langtum of varíeraður og margslunginn fyrir mig til að greina hann, þá er hitt annað mál að laglínur Richards eru yfirleitt grípandi og einnig nokkuð einfaldar. Má segja að grunnmótívið í laglínunni er nokkuð ljóst. Heilnóta slær tvíund í einum takt, tvær punkteraðar fjórðupartsnótur spila þá aftur tvíundina og ein fjórðupartsnóta spilar einund á fjórða slagi í öðrum takt. Á fyrsta slagi í þriðja taktum slær heilnóta litla þríund og í fjórða takt taka tvær punkteraðar fjórðupartsnótur aftur þríundina. Seinasta slagið er fjórðupartsnóta sem slær ferund. Síðan endurtekur þetta sig og varíerar áttund ofar heillengi og magnast upp á ýmsan hátt.

Það sem byrjar sem laglína er allt í einu fjölradda. Synthahljóðið breytist til muna og panast frá öðrum hátalaranum til hins. Eftir tvo bari flyst laglínunni uppum áttund, rennur uppí ýmsa hljómtóna og magnast enn meir upp þar til að magnað, retriggerað sneriltrommubreik leiðir okkur í að allt dettur niður aftur, pollrólegt og silkimjúkt. Þaðan af er leikurinn tiltölulega rólegur. Laglínunni sendist stundum í reverb, og einstök kunnugleg klöpp fengin úr víðsfræga 808 trommuheilanum

hljóma. Engin leið er fyrir mig að dæma fyrir víst hversu mörg sample eru af hverri trommu fyrir sig, en mér heyrast ég heyra bassatrommu úr 808 líka.

9. Fingerbib

Dyggur Aphex Twin aðdáandi mun hugsanlega velta fyrir sér; Verður ekkert lag af Richard D James album greint í þessari ritgerð?

Ég gerði mér ekki grein fyrir því fyrr en núna að ég hef ekki einu sinni minnst á hana, sem er athyglisvert því hún er ein vinsælasta platan hans. Platan er hluti af stafræna, „tölvu“ tímabilinu. Hún var gefin út árið 1996 og er fjórða breiðskífan hans. Gagnrýnendur lofuðu henni í hástöfum, og virta-af-sumum-hataða-af-öðrum tónlistarsíðan Pitchfork Media skipar henni sess sem fertugasta besta plata tíunda áratugsins.¹⁵

Lagið byrjar eins og nokkur önnur lög á plötunni, á hljóði sem mætti líkja við að einhver sé að rífa bréf eða þykkt pappírssnifsi. Mjög stutt og lítið intro.

Stefið sem lagið er byggt á er örlítið skrítið, einungis með tilliti til talningu. Þetta er fyrsta lagið sem ég skoða sem er ekki með slétta tölu af tóktum sem stefjaefni. Það eru nefnilega fimm taktar sem gera upp verse-kaflann ef ég má orða það þannig. Bassasynthinn sem lagið byrjar á er einfaldur er mjög sniðugur, ef ekki bara vegna þess að hann er fimm takta lota.



Bassalínan í Fingerbib

Á móti bassalínuninni kemur mjög fallegur mót-synthi, sem eftir því sem líður á lagið, verður fyrir vibrato-i líkt og hann sé grátandi.



Alto lína í Fingerbib

¹⁵ <http://pitchfork.com/features/staff-lists/5923-top-100-albums-of-the-1990s/7/>


Þegar hljóðfærin byrja að spila er tromutakturinn mjög einfaldur, bassatromma á einum og þremur, með tveimur áttundupörtum á þremur, eða á upptakti fyrir þriðja slagið og fyrir fjórða slagið. Í fimmta takti er hún á fyrsta slagi og fjórða slagi. Sneriltromma er alltaf á tveimur og þremur, fyrir utan að í fimmta takt lotunnar er hún á öðru og þriðja slagi, og öðrum áttundaparti á fjórða slagi.

Einskonar „comp” synthi, eða synthi sem spilar hljóma og vinnur vel með restinni, byrjar á tíunda takti, sem sagt í lok annarar lotu.



Comp Synthinn, ath. að hann byrjar á upptakt í raun

Hægt og rólega gægist inn laglínu-synthinn, með hröðu vibrato og fallegu reverbi sem gusast til í sitthvorn hátalarann.



Laglína

Eftir að það er búið að vera í gangi í allavega fjögur bör kemur kafli B, sem er allt öðurvísi og veitir mikið mótvægi við hinn kaflann. Þar leggur Richard áherslu á sjötta sætið moll, sem er víðtekin venja í popptónlist.



Bassalínan í B-kafla

Við þessa sjöttusætis bassalínu heyrast í fallegum strengjasynt. Hann er frekar mattur á hljóðinu reyndar. Frekar lokaður og fjarlægur. Hérna sjást nóturnar fyrir því;



Strengjamótívið sem heyrast í B-kafla

Eftir B-kaflann, sem er frekar dramatískur, og telur heila tuttugu takta, eða fjórar lotur, fer Richard aftur í A-kaflan, nema með breyttum laglínu synth, sem er núna lowpass filteraður upp að einhverju marki.



Breytta laglínan, laglína’.

Eftir það gerir hann bara það sama, fer örstutt aftur í B-kaflann, og endar á comp-synthinum og fyrstu laglínunni. Þær leika sér aðeins saman í tvær lotur, og í tíunda taktinn hjálpar bassinn þeim að koma vel saman ef svo mætti segja. Allt klabbíð er svo lowpass filterað í smá, svo er lagið bara búið.

10. Niðurstaða

Það má segja um tónlist Richards að hún hefur tilhneigingu til að vera byggð á mótívum frekar en ella. Hún byggist á Línun, tónlistarlegum hugmyndum og hvernig þær leika saman sér með hvor annari, frekar en hljómunum og sætum. Hún hefur yfirleitt tiltölulega staðlað form, þ.e.a.s. A-B-A’-B-A’ eða þessháttar form. Annarss vegar er hún gífurlega smámunasöm, og minnstu smáatriði skipta honum heilan helling af máli. Fyrir stafræna tímabilið hans var hann ekki jafn upptekinn af því að semja eins rosalega flókna tónlist og hann myndi seinna gera. Ég geri ráð fyrir því að hann hafi ekki haft þolinmæðina í að vinna slíka nákvæmnisvinnu á hliðrænt viðmót. Þegar tölvur urðu betri, segir hann, þá gat hann loksins séð eitthvað gagnlegt í þeim, uppúr 1995. Ég læt fylgja eina stutta tilvitnun úr viðtali við Richard, þar sem hann talar um mikilvægi tölva og hversu hæfar þær eru orðnar.

Meredith: You didn’t even use computers for sequencing?

Richard: *Yeah, but not for sound. I got back into using when Macs got good again. I couldn’t ignore them any longer – there were too many excellent new things to check out.*

Meredith: Like what?

Richard: *Really interesting software, mainly. There have always been interesting bits out there, but without the internet you couldn’t really find them. It’s hard to remember a time before the internet, but when I was fifteen or sixteen, I couldn’t get any good software because I didn’t have any money. No one even knew what electronic music was, so never mind getting a bit of excellent software from an academic institution or anything.*

-Viðtal við Index, maí/júní 2001

Heimildarskrá

- 1 -Tekið úr 141. The Wire, nóvember 1995 http://www.thewire.co.uk/in-writing/interviews/karlheinz-stockhausen_advice-to-clever-children,
- 2 – Heimildasíða Aphex Twin
<http://www.aphextwin.nu/images/interviewsarticles/33und1211.pdf>
- 3 – Consequence of sound <http://consequenceofsound.net/2011/09/video-jonny-greenwood-aphex-twin-perform-alongside-krzysztof-penderecki>
- 4 - Heimildasíða Aphex Twin
<http://web.archive.org/web/20080615033834/http://www.aphextwin.nu/learn/100771194880071.shtml>
- 5 – Gagnvirk spurningasíða um Aphex Twin
<http://rdj.moto-coda.org/faq/afxfaq26.txt>
- 6 - Heimildasíða Aphex Twin
<http://web.archive.org/web/20080615033834/http://www.aphextwin.nu/learn/100771194880071.shtml>
- 7 - The Guardian
<http://www.guardian.co.uk/education/2007/jun/12/furthereducation.uk1>
- 8 – Heimildasíða Aphex Twin
<http://www.aphextwin.nu/learn/98129666775311.shtml>
- 9 - Heimildasíða Aphex Twin
<http://www.aphextwin.nu/learn/100771194880071.shtml>
- 10 - Brainy Quote
http://www.brainyquote.com/quotes/authors/k/karlheinz_stockhausen.html

11 – Clash Music, Tólfta spurning.

<http://www.clashmusic.com/feature/aphex-twin>

12– Lýsing á tölvuvírusnum

[http://www.symantec.com/security_response/writeup.jsp?docid=2005-022617-0931-99,](http://www.symantec.com/security_response/writeup.jsp?docid=2005-022617-0931-99)

13 – Internet Movie Data Base

http://www.imdb.com/title/tt0422720/soundtrack?ref_=tt_trv_snd

14 – Pitchfork Media

<http://pitchfork.com/features/staff-lists/5923-top-100-albums-of-the-1990s/7/>